

## AUGLÝSING

167

12. sept.

um að verðlagsákvæði nái til kornvara, brauða, nýlenduvara, citrona, hreinlætisvara, kola, brennsluolía og benzíns.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 70 31. des. 1937, um verðlag á vörum, hefir ríkisstjórnin ákveðið, að verðlagsnefnd skuli ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu á kornvörum, brauðum, nýlenduörum, citronum, hreinlætisvörum, kolum, brennsluolíum og benzíni, eftir því sem nefndinni þykir ástæða til.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 12. september 1939.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## REGLUGERÐ

168

12. sept.

um sölu og útflutning á vörum.

### 1. gr.

Engar íslenzkar afurðir er heimilt að bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi útflutningsnefndar.

### 2. gr.

Ríkisstjórnin skipar útflutningsnefnd, er hafi á hendi eftirlit með sölu og útflutningi á öllum íslenskum afurðum samkvæmt reglugerð þessari.

### 3. gr.

Leyfi ríkisstjórnarinnar þarf til útflutnings á öllum öðrum vörum en íslenskum afurðum samkvæmt 1. gr.

### 4. gr.

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða  $\frac{1}{2}\%$  — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr. fyrir hvert einstakt leyfi, og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað.

### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100.000 kr. eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

### 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum, dags. í dag, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í ríkisstjórn Íslands, 12. september 1939.*

**Ólafur Thors. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Hermann Jónasson.**